



Reykjavík, 14. maí 2024

USK22070004

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Svar við fyrirspurn

Svo virðist sem skiltamál í borginni séu í ólestri. Borgarfulltrúar hafa fengið ábendingar um áform að setja eigi upp auglýsingaskilti við austurenda Klambratúns, gegnt Bólstaðarhlíð, sjá hér: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/auglysingaskilti-vid-longuhlid>.

Fram hefur komið hjá íbúum að ekki hafi verið haft samráð við nema örfáa og áform um skilti uppsetningu stríði gegn samþykktum. Í markmiðum Samþykktar um skilti í Reykjavík segir beinlínis að "...skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar." Einnig segir að halda eigi fjölda skilta í lágmarki og að leggja eigi áherslu á að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna." Flokkur fólksins spyr hvort umræða og ákvörðun um auglýsingavæðingu ætti ekki að fara fram í tengslum við vinnu við hverfisskipulag hverfisins? Hvernig hefur samráði verið háttáð þegar setja á upp skilti? Er öllum gefinn kostur á að kynna sér málið? Það hlýtur að eiga að horfa á þessi mál í heild sinni og um þennan málaflokk þarf eins og aðra þarf að ríkja skipulag. Ljósaskilti og auglýsingaskilti almennt hafa mikil áhrif á útlit hverfa.

Samkvæmt gr. 2.5.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 skal sækja um byggingarleyfi fyrir öllum frístandandi skiltum og skiltum á byggingum sem eru yfir 1,5 m² að flatarmáli. Undanþegin eru þó skilti allt að 2,0 m² að stærð sem ætlað er að standa skemur en tvær vikur sem og skilti sem sett eru upp samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Umsækjandi skal senda skriflega umsókn ásamt tilheyrandi gögnum til leyfisveitanda. Tilheyrandi gögn eru m.a. upprættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna útlit, fyrirkomulag og öryggi skiltanna.

Stærð og staðsetning skilta skal ávalt vera í samræmi við ákvæði gildandi skipulags.

Nánar er fjallað um skilti og reglur sem um þau gildi í samþykkt um skilti í Reykjavík, samþykkt í borgarráði 7. maí 2020.

Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
Umhverfis- og skipulagssvið
Byggingarfulltrúi



Reykjavík